



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands  
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250  
Netfang: hsl@hsl.is

# STARFSLEYFI

## Eden Mining ehf.

Vinnsla jarðefna

**Litla-Sandfell við Þrengslaveg – efnistökusvæði E4  
Breiðabólstaður  
816 Ölfus**

Nafn og kt. rekstraraðila: **Eden Mining ehf., kt. 5410081600**  
Heimilisfang: **Ármúla 18, 108 Reykjavík**

**Útgáfudagur: 7. mars 2025**

**Gildir til: 7. mars 2037**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir Eden Mining ehf. vegna efnistöku og vinnslu jarðefna  
dags. 7. mars 2025**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Selfossi, 7. mars 2025

**Sigrún Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri

2306015HS



# STARFSLEYFISSKILYRÐI fyrir efnistöku og vinnslu jarðefna

**Eden Mining ehf.**  
kt. 541008 1600

**Litla-Sandfelli, E4, í landi Breiðabólstaðar  
816 Ölfus**

## 1. Almenn ákvæði og gildissvið

1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir eftirfarandi starfsemi:

a) vinnslu jarðefna, þ.m.t. hörpun, flokkun og tímabundna geymslu efnis, í malar- og grjótnámu í Litla-Sandfelli í landi Breiðabólstaðar L171690, sem er merkt sem efnistökusvæði E4 - Sandfell í aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfus 2020-2036. Afmörkun vinnslusvæðis kemur fram í deiliskipulagi fyrir efnistökusvæðið dags. 20. júní 2024.

Áætlað er að vinna allt að 18.000.000 m<sup>3</sup> af efni af u.þ.b. 40 ha svæði á 30 ára tímabili. Heimilt er að vinna að jafnaði allt að 650.000 m<sup>3</sup> af efni á ári, þó að hámarki allt 1.000.000 m<sup>3</sup> á ári.

b) rekstur olúgeymis/geyma, með samtals að hámarki 10.000 l á hverjum tíma,

c) rekstur tengdrar aðstöðu, þ.m.t. starfsmannaaðstöðu og viðgerðaraðstöðu eigin véla.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

Starfsleyfishafi skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykka notkun fasteigna og sjá til þess að unnið sé eftir þeim áætlunum, þ.m.t. mótvægisáðgerðum og vöktun, sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats framkvæmdarinnar og áliti Skipulagsstofnunar, dags. 8. desember 2022, við vinnslu efnis og frágang svæðisins að efnisvinnslu lokinni.

1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Fylgi starfsleyfishafi ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum



XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. til að knýja á um um úrbætur.

- 1.5 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, t.a.m. ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins er varðað getur ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.6 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirfara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðiseftirlits, ber starfsleyfishafa að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.7 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða húsnæði. Skal rekstraraðili sækja um starfsleyfi að nýju ef halda á rekstrinum áfram undir nýrri kennitölu eða á nýjum stað. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti þegar starfsemin er lögð niður.
- 1.8 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.9 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfseminnar, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, og skal fyrirbyggja tjón eða bæta úr tjóni sem þegar hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Almennungur á rétt á upplýsingum um starfsleyfisumsókn og starfsleyfi í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsaðili birtir þær upplýsingar sem og niðurstöður eftirlits opinberlega á vefsíðu sinni eða með öðrum aðgengilegum hætti.
- 1.11 Fylgja þarf reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi meðferð og geymslu sprengiefnis.
- 1.12 Um aðbúnað starfsmanna og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## **2. Umhverfi og frágangur**

- 2.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænastan hátt.
- 2.2 Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).
- 2.3 Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og athafnasvæði sé haldið snyrtilegu. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir, þ.m.t. sorpgeymslur, skal vistað innan athafnasvæðis fyrirtækisins og



þannig frá því gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir umhverfi eða nágretta og eftir atvikum takmarka aðgengi og/eða byrgja innsýn á svæðið, t.d. með skjólgirðingu, jarðvegs- eða gróðurmon. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og/eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á athafnasvæði fyrirtækisins.

- 2.4 Við efnistöku og frágang skal fylgja leiðbeiningunum: *Námur – efnistaka og frágangur*, sem umhverfisráðuneyti o.fl. gáfu út árið 2002. Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 2.5 Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki hættu eða óþarfa ónæði og að foggjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þörf er á skal skerma foggjörn jarðefni af og setja upp aðstöðu til að hreinsa dekk flutningabifreiða þannig að jarðefni berist ekki með þeim út fyrir vinnslusvæðið.
- 2.6 Hvergi skulu á efnistökusvæðinu myndast óþarfa tjarnir. Ef hætta er á að yfirborðs- eða grunnvatn mengist vegna starfseminnar skal grípa til viðeigandi ráðstafana, t.d. með því að leiða mengað vinnsluvatn í gegnum settjarnir eða síubeð eða aðra hreinsun sem heilbrigðiseftirlit telur þörf á, áður en því er veitt í viðtaka.

### 3. Mengunarvarnir

- 3.1 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.
- 3.2 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum í samræmi við ákvæði IV. kafla reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Ísogbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks í öllum vélum og tækjum, þ.m.t. efnisflutningabílum, sem staðsett eru innan efnistökusvæðisins eða koma inn á það og ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og/eða eru með hydrolísk vökvakerfi. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Ísogsefni eða ísogsbúnað skal nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 3.3 Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni á tækjum og búnaði eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki og búnaður skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.
- 3.4 Starfsleyfishafi skal ávallt leitast við að velja sem minnst mengandi aðferð til allra þrifa, t.a.m. með notkun umhverfisvottaðra hreinsiefna. Þvottur véla og vélarhluta skal fara fram á olíuheldu plani með frárennsli tengt við olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi.

### Úrgangur

- 3.5 Við meðferð úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Stefnit skal að fullnýtingu hráefna og með hreinni framleiðslutækni skal stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er.



- 3.6 Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát. Úrgang sem flokkast sem spilliefni, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni.
- 3.7 Um meðferð og geymslu olíuúrgangs fer skv. reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, m.s.br. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt og skila til viðurkenndrar söfnunar- eða móttökustöðvar. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.
- 3.8 Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil, henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaðeld, lokanleg og þétt. Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.
- 3.9 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.

#### **Meðferð efna**

- 3.10 Hættuleg efni og efnasambönd skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn, eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.11 Geyma skal öll efni og efnasambönd í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 3.12 Efnavöru skal geyma á öruggum og loftræstum stað innan dyra. Ekki skal geyma meira af olíu, smurólíu og annarri efnavöru en nauðsynlegt er vegna skammtímanotkunar á svæðinu.
- 3.13 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna skulu vera á íslensku.
- 3.14 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er draga úr notkun hættulegra efna og myndun spilliefna, m.a. með notkun umhverfissvottaðra staðgengilsefna, endurnýtingu eða endurhæfingu efna.

#### **Meðferð olíu og frágangur olíugeyma**

- 3.15 Um meðferð og geymslu olíu og frágang olíugeyma, gasgeyma og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 3.16 Olíugeymir skal vera tvöfaldur með lekaeftirliti á rými á milli ytra og innra geymis. Olíugeymir skal vera með árekstursvörn og staðsettur utan almennra akstursleiða á afmörkuðu, olíuheldu plani með frárennsli tengt við sand- og olíuskilju. Olíugeymir skal útbúinn yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingarvörn. Afgreiðslubýssa skal vera með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað og þannig útbúin að ekki sé hægt að festa hana í opinni stöðu á milli afgreiðslna.



- 3.17 Afgreiðsla olíu á vélar og tæki skal fara fram á olíuheldu plani með frárennsli tengdu við sand- og olíuskilju. Afgreiðsluplan skal þannig hannað að afrennsli eigi greiða leið í olíuskilju og að olíur sem fara niður við mengunaróhöpp flæði ekki út af því. Heimilt er að áfyllingarplan fyrir olíugeyma og afgreiðsluplan fyrir vélar og tæki sé sama planið, enda sé tyggt nægjanlegt og öryggt rými til athafna og aksturs innan svæðisins.

Ef nauðsyn krefst þess að afgreiðsla olíu á vélar og tæki fari fram utan skilgreinds afgreiðslusvæðis, skal rekstraraðili sjá til þess að öruggar mengunar-, áreksturs-, eld og slysavarnir séu tryggðar.

- 3.18 Díselrafstöðvar skulu eftir því sem við á vera staðsettar innandyra og með öruggri lekavörn.
- 3.19 Sand- og olíuskiljur skulu þannig staðsettar og frágengnar að auðvelt sé að fylgjast með frárennsli frá þeim og taka sýni úr frárennslinu ef nauðsyn krefur. Olíuskiljur og sandskiljur skulu skoðaðar reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæmdar eftir þörfum. Olíuskiljur skulu útbúnar sjálfvirkum viðvörðunarbúnaði þar sem aðstæður leyfa.
- 3.20 Olíumannvirki skal fjarlægja af svæðinu innan 6 mánaða eftir að starfsemi hættir.
- 3.21 Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að hann sé meðhöndlaður í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

#### **Flúoraðar gróðurhúsalofttegundir**

- 3.22 Um meðferð flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og eftirlit með búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir fer skv. reglugerðum nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir m.s.br. Aðili sem annast viðhald og eftirlit með búnaði sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skal hafa til þess tilskilin leyfi, sbr. ákvæði ofangreindra reglugerða í samræmi við efnalög nr. 61/2013 m.s.br.

#### **Hávaði**

- 3.23 Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

#### **Loftmengun**

- 3.24 Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 3.1, og þess gætt að ryk, reykur og lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi.

Við flutning jarðefna frá efnistökusvæði að vinnslustað eða notkunarstað skal hylja farm með ábreiðu.

#### **Fráveitur**

- 3.25 Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits.
- 3.26 Á fráveitu húsnæðis og athafnasvæða skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. síur, ristar, olíuskilja, sandskilja, fituskilja o.þ.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar.



Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í sandskilju og olíuskilju. Gerð og stærð olíuskilju skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit.

Fráveitu frá starfsmannaaðstöðu skal leiða í viðurkennt hreinsivirki sem uppfyllir kröfur um tveggja þrepa hreinsun skólps.

- 3.27 Olíuskiljur, sandskiljur og fituskiljur skal hreinsa með reglubundnum hætti af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja úrgang til förgunar eða meðhöndlunar á móttökustað sem hefur til þess starfsleyfi.
- 3.28 Seyru skal tæma reglulega úr hreinsivirkjum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar 799/1999 um meðhöndlun seyru.

#### **4. EIGIÐ EFTIRLIT, SKRÁNINGAR OG TILKYNNINGASKYLDA**

4.1 Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit og halda skrá um atriði er varða m.a.:

- fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar,
- óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu,
- tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru í rekstrinum,
- skil úrgangs og spilliefna til móttökustöðva.
- Fjöldi og hnitsetta staðsetning efnistöku, efnistegund og vinnslumagn.
- Upplýsingar um nöfn verktaka sem stunda efnistöku í námum sem starfsleyfið nær til.
- Fjöldi olíugeyma, olíuáfyllingarsvæða, olíuskilja, magn olíuefna og rýrnun.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

4.2 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll meiriháttar frávik í rekstrinum sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið og/eða varðað almannaheill, sbr. gr. 3.2.

#### **5. GILDISTAKA OG GJALDSKYLDA**

- 5.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 5.2 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.

Selfossi 7. mars 2025.

Fh. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

**Eden mining ehf.**

kt. 541008 1600

**Ármúla 18, 108 Reykjavík**

**vegna vinnslu jarðefna á efnistökusvæði E4 – Litla-Sandfell í landi  
Breiðabólstaðar í Sveitarfélaginu Ölfusi.**

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 27. maí 2023 umsókn Arnórs Hafstað, kt. 0207634939, f.h. Eden Mining ehf., kt. 5410081600, um starfsleyfi fyrir vinnslu allt að 18.000.000 m<sup>3</sup> af jarðefnum, þ.m.t. hörpun, flokkun og tímabundna geymslu efnis, á um 40 ha svæði innan efnistökusvæðis E4 – Litla-Sandfell í landi Breiðabólstaðar í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Um er að ræða nýtt starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst þann 8. júní 2023 á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is). Umsóknin var metin ófullnægjandi þar sem vinnu við breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagsgerð vegna efnistökkunnar var ekki lokið þegar umsókn var móttækin. Uppfærð fylgigögn með umsókninni bárust embættinu þann 6. september 2024.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit þar sem fram koma, eftir því sem við á hverju sinni, ákvæði um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitismælingar og rannsóknir svo og rekstur og viðhald mengunarvarnarbúnaðar.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 21. nóvember sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus. Þann 26. febrúar sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.





### 3. Málsmeðferð skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Efnistaka þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 500.000 m<sup>3</sup> eða meira er matsskyld framkvæmd skv. tölul. 2.01 í 1. viðauka með lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Niðurstöður umhverfismats og álit Skipulagsstofnunar, dags. 8. desember 2022, liggur fyrir. Þar vakti stofnunin sérstaka athygli á því að efnistakan og stærstur hluti flutninga er á vatnsverndarsvæði og mikið í húfi að vatnsgæði rýrni ekki vegna efnistökkunar og öryggi notenda sé tryggt eins og frekast er unnt. Þá telur stofnunin að með ákvæðum í starfsleyfi verði unnt að lágmarka hættu á mengunarslysum þanni gað líkur séu til að áhrif á grunnvatn verði óveruleg við reglubundna starfsemin í námunni. Því beindi Skipulagsstofnun því til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands að við útgáfu starfsleyfis verði ákvæði um sérstaka viðbragðsáætlun og e.t.v. búnað til að bregðast við vegna mögulegra mengunarslysa, bæði vegna efnistökkunar og ekki síður vegna aksturs stórra vöruflutningabíla milli Þorlákshafnar og námunnar í Litla Sandfelli. Þá taldi Skipulagsstofnun nauðsynlegt að í starfsleyfi væri gerð krafa um að olútankur og vélar sem ganga fyrir olíu verði látnar standa á vökvaheldu undirlagi eða púða úr fínkornóttum jarðefnum sem fanga olíu, þegar þær eru ekki í notkun. Einnig að önnur efni sem geta spillt grunnvatni verði geymd í læstum hirslum á vökvaheldu undirlagi.

Í starfsleyfisskilyrðum, gr. 3.1, 3.2, 3.3, 3.16, 3.17 er tekið tillit til ábendinga Skipulagsstofnunar varðandi ofangreint.

### 4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna á vegum Eden Mining ehf. á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 21. október sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 18. nóvember sl.

### 5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Á þeim tíma sem opinber auglýsing á tillögu að starfsleyfi fyrir Eden Mining ehf. varði, barst ein athugasemd frá starfsleyfisumsækjanda er varðaði gr. 3.2 í auglýstum starfsleyfisskilyrðum. Taldi starfsleyfisumsækjandi að ekki væri með fullnægjandi hætti brugðist við tilmælum Skipulagsstofnunar sem fram komu í álitni stofnunarinnar dags. 8. desember 2022 á umhverfismatsskýrslu vegna framkvæmdarinnar, en stofnunin beindi því til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands að við útgáfu starfsleyfis verði ákvæði um sérstaka viðbragðsáætlun og e.t.v. einnig búnað til að bregðast við vegna mögulegra mengunarslysa, bæði vegna efnistökkunar og ekki síður vegna aksturs stórra vöruflutningabíla milli Þorlákshafnar og námunnar í Litla Sandfelli.



Á 240. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 3. desember sl. var farið yfir innsenda athugasemd og ákveðið að endurskoða gr. 3.2. með það að markmiði að gera hana skýrari. Vert er að nefna að flutningur efnis frá efnistökusvæði að notkunarstað er ekki starfsleyfisskyldur hjá heilbrigðisnefnd skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og því er aðeins hægt að gera kröfu um ísogsbúnað eða ísogsefni í flutningstækjum innan efnistökusvæðisins.

## 6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Grein 3.2. var breytt til að koma til móts við athugasemdir starfsleyfisumsækjanda og gera það skýrar hvar og hvenær gerð er krafa um tiltækan ísogsbúnað eða ísogsefni.

Í auglýstum starfsleyfisskilyrðum hljóðaði gr. 3.2 svo:

*Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum í samræmi við ákvæði IV. kafla reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Ísogsbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í lofti, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.*

Eftir breytingu hljóðar grein 3.2 svo:

*Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum í samræmi við ákvæði IV. kafla reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Ísogsbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks í öllum vélum og tækjum, þ.m.t. efnisflutningabílum, sem staðsett eru innan efnistökusvæðisins eða koma inn á það og ganga fyrir jarðefnaeldsneyti og/eða eru með hydrolísk vökvakerfi. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í lofti, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Ísogsefni eða ísogsbúnað skal nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.*



## 7. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 240. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 3. desember sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Eden Mining ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára.

Hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

## 8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 7. mars 2025.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrönn*

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi